

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148 18. mars 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

Stafliðir a-g í 3. gr. orðist svo:

- a) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t.d. í sambandi við eldsneytis-sölu, skal greiða kr. 32 000,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- b) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun, kr. 6,50.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 2,60 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 7,70 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 3,85 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 16,00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 12,90 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir:
Til fiskiskipa kr. 41,00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og lágmarksgjald skal vera kr. 410,00.
Til annarra skipa kr. 54,00 fyrir hverja smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 540,00.
Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma. Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt. Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum:

- a) Taxti V1 — heimili. Fastagjald kr. 1 600,00 á ári.
- b) Taxti V2 — fiskverkun. Fastagjald 0,3% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 6,64 á m³ húss og hámarksgjald kr. 13,28 á m³.
- c) Taxti V3 — fiskimjölsverksmiðjur. Fastagjald 0,3% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 6,64 á m³ húss og hámarksgjald kr. 13,28 á m³.
- d) Taxti V4 — annað. Fastagjald 0,15% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 3,32 á m³ húss og hámarksgjald kr. 6,64 á m³.

3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 19,80 fyrir hvern teningsmetra vatns. Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti og annast mælaaflestur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja lækni skoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúklingur kr. 360,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 140,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnar-skert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 stykki) greiða Elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 60,00. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Þau skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar mælingar.

4. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.